

Nd.

## 98. Frumvarp

til laga um greiðslu vixilskulda á Austfjörðum vegna Sildareinkasölu Íslands 1931.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson, Haraldur Guðmundsson.

### 1. gr.

Af forgangskröfufé rikissjóðs í búi Sildareinkasölu Íslands skal greiða andvirði vixla þeirra með provision og dráttarvöxtum, er einkasalan ábyrgðist fyrir sildareigendur á Austfjörðum 1931 og lét þá selja þar til lúkningar verkunarlaunum sildarinnar og öðru því, er einkasalan átti að greiða við móttöku sildarinnar.

### 2. gr.

Ríkisstjórnin semur við banka þá, sem vixlana keyptu, um greiðsluna og frestun vixilmálanna, ef þörf krefur.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Árið 1931, síðasta starfsár Sildareinkasölu Íslands, hafa viðskiptakjör sildveiðimanna við einkasöluna óneitanlega verið misjafnari og ósamræmilegri en nokkru sinni áður.

Norðanlands og vestan lagði einkasalan útgerðarmönnum til tunnur allar og salt og greiddi verkunarlaun, en að auki langflestum sildareigendum 2 kr. fyrir innihald hvernar tunnu. Á Austurlandi urðu útgerðarmenn sjálfir að greiða öll verkunarlaun, og auk þess lögðu flestir þeirra til salt og nokkuð af tunnnum, sem þeir fluttu inn frá Noregi. Enginn útgerðarmaður eystra fékk eyris virði greitt út á sildina. Hinsvegar lét einkasalan sildareigendum í té yfirlýsingu um, að hún ábyrgðist greiðslur á bankalánnum, er útgerðarmenn tækju til að standast þennan kostnað, allt að ákveðinni upphæð fyrir hverja fullverkaða sildartunnu og eftir framlagi hvers eins af efni, verki og umbúðum.

Voru samkvæmt þessu seldir vixlar í útibúum bankanna eystra fyrir 80—90 þús. kr., útgefnir og samþykktir af sildareigendum, í trausti greiðslutryggingar einkasölnnar, og standa nú eftir af því vixlaverði 62930 kr. í útibúi Landsbankans á Eskifirði, en um 6000 kr. á Seyðisfirði.

Upphæðir þessar, sem vextir hafa hlaðizt á, eru nú að lögum sóttar á hendur útgefendum og samþykkjendum vixlanna, með því að ábyrgð einkasölnnar er að engu orðin.

Virðist einsætt, að rétta beri hlut þessara manna. Má eigi minna vera en að þeir njóti jafnréttis við aðra skiptavini einkasölnnar um greiðslurnar, því að með því að endurgreiða vixlana eftir dómi, sem augljóst er að fellur á þá, mundu þeir — auk þess að vera á talar dregnir af einkasölnni — einnig verða knúðir til að taka að sér greiðslu á skuldum hennar, að því er vixlaverðinu nemur.

Næst hefði legið að krefjast þess, að andvirði vixlanna greiddist eins og forgangsréttarskuld af óskiptu fé einkasölnnar, en með því að slik krafa, þótt sanngjarnleg sé, mundi vart geta staðizt jafnhliða fyrirmælum laga um gjaldþrotaskipti, þá höfum við valið þá leið að heina kröfunni að rikissjóði, sem einnig má lita á eins og réttan aðila.